

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Menntamálanefnd

Reykjavík, 21. janúar 2004

Efni: Umsögn Bandalags háskólamanna um frumvarp til laga um styrktarsjóð námsmanna, 133. mál.

Vísað er til bréfs yðar þann 10. desember 2003, varðandi umsögn um 133. mál, frumvarp til laga um styrktarsjóð námsmanna. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var það lagt fram á 123. og 128. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Bandalag háskólamanna (BHM) hefur því áður fengið tækifæri til að fjalla um frumvarpið og hefur í engu breytt afstöðu sinni sem birtist í umsögn dagsettri 2. mars 1999, og fram kemur hér að neðan.


BHM fagnar hugmynd um styrktarsjóð námsmanna en telur að skilgreina þurfi betur það nám sem frv gerir ráð fyrir að styrkt verði úr sjóðnum. Í 1. gr frv segir að hlutverk styrktarsjóðs námsmanna sé að styrkja efnilega nemendur til náms við framhaldsskóla eftir nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur. Engar athugasemdir fylgja einstökum ákvæðum frv en í almennum athugasemdum í greinargerð með frv segir í upphafi að frumvarpið geri ráð fyrir því að komið verði á fót sérstökum styrktarsjóði námsmanna sem veiti efnilegum nemendum óafturkræfa styrki til framhaldsnáms við innlenda eða erlenda skóla.

Orðalag 1. gr frv og sú tilhögun sem gert er ráð fyrir í 2. gr frv að því er varðar tilnefningu í stjórn sjóðsins bendir til þess að um sé að ræða framhaldsskólanám að loknu skyldunámi í grunnskóla - en ekki bóknám á háskólastigi að loknu stúdentsprófi; ef sá skilningur er réttur gerir BHM ekki athugasemd við það hvaða aðilum er veitt tilnefningarheimild. Þá væri slíkur sjóður væntanlega til þess fallinn að jafna menntunaraðstöðu landsbyggðarfólks og styrkja verknám í landinu. Ef svo er verður hins vegar ekki séð hvers vegna stúdentaráði við bóklegan háskóla - Stúdentaráði Háskóla Íslands - er veitt tilnefningarheimild. Tilvitnuð orð í greinargerð með frv benda hins vegar til þess að styrktarsjóðurinn lúti að bóklegu framhaldsnámi að loknu stúdentsprófi - eftir atvikum á háskólastigi. Ef svo er verður að telja eðlilegra að Bandalag háskólamanna tilnefni í stjórn sjóðsins.

Hvað sem öðru líður þarf tilgangur sjóðs skv frv að vera skýr og er óheppilegt að misræmis gæti milli orðalags ákvæða frv annars vegar og athugasemda í greinargerð í því hins vegar.

BHM tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt er að ekki sé gert ráð fyrir neinu hámarki frádráttar skv skattalögum. Sama er að segja um þá tilhögun að skilyrða megi framlög til sjóðsins.

Virðingarfyllst,



Halldóra Friðjónsdóttir,
formaður BHM